

MAHLER OG STRAUSS

Lionel Bringuier, hljómsveitarstjóri
Emma Bell, einsöngvari



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS**

2010/11



AÐALSTYRK TARÁÐILAR

BORGUN



Morgunblaðið



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Tónleikar í Háskólabíói fimmtudaginn 16. september 2010 kl. 19.30

Lionel Bringuier, hljómsveitarstjóri
Emma Bell, einsöngvari

MAHLER OG STRAUSS

Richard Strauss: **Vier letzte Lieder (1948)**
Frühling
September
Beim Schlafengehen
Im Abendrot

Hlé

Gustav Mahler **Sinfónía nr. 1 í D-dúr (1884–88)**
Langsam, Schleppend. Immer sehr gemächlich
Kräftig bewegt, doch nicht zu schnell
Feierlich und gemessen, ohne zu schleppen
Stürmisch bewegt – Energisch



RÁS 1

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og
síðan aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum
á meðan tónleikum stendur.



Lionel Bringuier er ekki nema tuttugu og fjögurra ára gamall, en hefur þegar náð verulegri athygli í klassíska tónlistarheiminum. Hann hreppti fyrstu verðlaun í Besançon-hljómsveitarstjórakeppninni árið 2005, hlaut einróma kosningu dómnefndar og sópaði til sín fjölda verðlauna, varð hlutskarpastur í áheyrndakosningu og var valinn besti stjórnandinn af meðlimum hljómsveitarinnar, Orchestre National du Capitole de Toulouse.

Bringuier tók nýverið við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitarinnar í Kastilíu og León á Spáni, auk þess sem hann er aðstoðarhljómsveitarstjóri við Fílharmóníuhljómsveitina í Los Angeles, þar sem hann starfar við hlið Gustavos Dudamel. Hann kom nýverið fram í fyrsta sinn á Proms-tónlistarhátíðinni í Lundúnum, sem og með sinfóníuhljómsveitunum í Boston, Fíladelfíu, Hamborg og Ósló.

Bringuier hóf tónlistarnám í heimaborg sinni, Nice, fimm ára gamall, og hélt fyrstu sellótónleika sína níu ára gamall. Hann útskrifaðist með láði frá Tónlistarháskólanum í París árið 2004 og meðal fjölmargra viðurkenninga sem hann hefur hlotið á sínum stutta ferli má nefna heiðursverðlaun Rainiers III prins af Mónakó, gullmedalíu borgarstjórans í Nice, og styrk til ungra tónlistarmanna frá Cziffra-stofnuninni. Bringuier stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands áður í mars 2009, þegar voru á efnisskránni sinfónía nr. 4 eftir Beethoven og fiðlukonsert nr. 2 eftir Prokofíev, leikinn af Elfu Rún Kristinsdóttur fiðluleikara.



Emma Bell þykir ein eftirtektarverðasta unga sópran-söngkona okkar daga og hefur meðal annars sungið við frábærar undirtektir við Konunglega óperuhúsið í Covent Garden, Chatelet-leikhúsið í París, í Glyndebourne og Barbican. Hún lærði söng við Konunglegu tónlistarakademíuna í Lundúnum og vann á námsárum sínum til Kathleen Ferrier-verðlaunanna, auk þess sem hún var valin til þátttöku í BBC Young Generation, sem hefur að markmiði að kynna unga listamenn. Hlutverk hennar eru af ýmsum toga; hún þykir syngja óperur Händels betur en flestir aðrir, hún hefur sungið hlutverk barnfóstrunnar í *Tökin hert* eftir Britten og aðalkvenhlutverkið í *Lúkretía svívirt* eftir sama höfund, m.a. í Íslensku óperunni árið 2000.

Emma Bell hefur komið fram með mörgum helstu hljómsveitarstjórum samtímans, meðal annars Antonio Pappano, Leonard Slatkin, Sir Charles Mackerras og Bernard Labadie. Hún hefur haldið tónleika í Wigmore Hall ásamt píanóleikaranum Emanuel Ax, og sungið 9. sínfóníu Beethovens á Proms-tónlistarhátíðinni. Hún laut nýverið mikið lof fyrir flutning sinn á *Stríðssálmessu* Brittens með Sinfóníuhljómsveitinni í Birmingham, sem og fyrir túlkun sína á hlutverki greifynjunnar í *Brúðkaupi Fígarós* eftir Mozart við Metropolitan-óperuna í New York.

Þá hefur hún verið ráðin í hlutverk Evu í *Meistarasöngvurunum* eftir Wagner, við Covent Garden óperuhúsið árið 2012, auk þess sem hún mun syngja greifynjuna í *Brúðkaupi Fígarós* við Parísaróperuna sama ár.



Um aldamótin 1900 voru Gustav Mahler og Richard Strauss meðal áhugaverðustu og áhrifamestu tónskálda álfunnar. Á þessum tónleikum hljóma tvö verk þeirra af ólíkum toga, símfónísk frumsmíð þess fyrrnefnda og svanasöngur þess síðarnefnda.

Richard Strauss (1864–1949) þekkti möguleika mannsraddarinnar betur en flest önnur tónskáld 20. aldar. Á löngum ferli samdi hann yfir 200 sönglög og hátt í 20 óperur, og var einn þeirra sem lögðu hvað stærstan skerf til óperuformsins á síðustu öld, ásamt Benjamin Britten og Leoš Janáček. Hvergi naut hann sín betur en þegar hann samdi fyrir sópranróddina,

sem var honum einkar hugstæð alla ævi. Mörg stórkostlegustu augnablik sem þeirri raddgerð hafa verið gefin í tónlistinni er að finna í óperum á borð við *Salóme* og *Rósariddarann*; að þessu leyti eru *Fjórir síðustu söngvar* rökréttur endapunktur við ævistarf höfundarins. Strauss samdi þá milli maí og september 1948, ári fyrir andlát sitt. Honum entist ekki aldur til að heyra söngvana flutta á tónleikum; Kirsten Flagstad frumflutti þá í maí 1950 ásamt hljómsveitinni Fílharmoníu í Lundúnum undir stjórn Wilhelms Furtwängler.

Á ævi tónskáldsins hafði ýmislegt farið á annan veg en ætlað var. Strauss átti einkar farsælan feril allt þar til undirgefni hans við Hitlersstjórnina setti strik í reikninginn. Hann var skipaður yfirmaður tónlistardeildar ríkisins skömmu eftir valdatöku nasista, og sá þann kost vænstan að samþykkja möglunarlaust. Strauss var þó ekki hliðhollur nasistum; stærsti löstur hans var að hann skorti kjark til að taka afstöðu, jafnvel í svo afdrifaríku máli. Tengdadóttir hans var gyðingaættar, og þegar Gestapo komst yfir bréf Strauss til rithöfundarins Stefan Zweig – þar sem tónskáldið gagnrýndi kynþáttastefnu nasista – fór málið alla leið á borð Hitlers og Strauss var umsvifalaust settur út í kuldann.

Við lok síðari heimsstyrjaldarinnar var staða Strauss vægast sagt dapurleg. Hann var rúinn trausti og tekjur hans voru nánast engar, enda óperuhús og tónleikasalir Þýskalands ekki annað en rjúkandi rústir. Hann neyddist til að selja handrit sín á spottþrís til að hafa í sig og á, og að lokum yfirgaf hann sveitasetur sitt í Bæjaralandi og fluttist til Sviss ásamt eiginkonu sinni. Vorið 1945 samdi hann síðasta tónaljód sitt

Þótt Fjórir síðustu söngvar Richards Strauss séu meðal dádustu söngverka 20. aldarinnar hafa þeir sjaldan ratað á efnisskrár Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Sieglinde Kahmann flutti þá í Háskólabíói árið 1980, og síðan hafa sungið verkið þær Andrea Catzel (1998) og Inger Dam Jensen (2004).

fyrir hljómsveit, *Metamorphosen*, og skömmu síðar varð til óbókonsert, saminn handa bandarískum hermanni og hljóðfæraleikara sem tónskáldið vingaðist við undir lok styrjaldarinnar.


Í *Fjórum síðustu söngvum* bendir fátt til þess að tónlistin sé samin um miðja 20. öld; hún er angurvær og tregablandin, lítur sífellt um öxl. Langir og flæðandi frasarinnar staldra aldrei lengi við á einum stað heldur breiða úr sér og flögra milli ólíklegustu tóntegunda. Það þarf lungu úr stáli til að syngja slíkar hendingar, en ekki síður djúpan skilning á því sem ort er um. Það haustar að í þessum söngvum, í fleiri en einum skilningi. Síðasta lagið, *Í kvöldroðanum*, hefst á mikilfenglegum strengjatónum; skáldið andar að sér kvöldloftinu og hugleiðir nóttina og dauðann. Í fjarska heyrir söngur tveggja lævirkja en smám saman leggst húmið yfir allt. Að lokum er eins og tíminn standi í stað: „Er þetta kannski dauðinn?“, spyr söngkonan, og henni er svarað með dulúðlegum hljómunum. Í kyrrlátum lokatöktunum horfist tónsmiðurinn alni í augu við skapanornirnar og gengur óbugaður út í hina löngu nótt.

GUSTAV MAHLER

Sinfónía nr. 1

Gustav Mahler (1860–1911) var betur þekktur sem hljómsveitarstjóri en tónskáld meðan hann sjálfur lifði. Tónlist hans þótti sérkennilega samansett, gjörólík því sem hlustendur áttu að venjast í sinfóníum Brahms, tónaljóðum Liszts eða ballettum Tsajkovskís. Bandaríski hljómsveitarstjórinn Leonard Bernstein átti stærstan þátt í að kynna sinfóníur Mahlers fyrir heimsbyggðinni, með frægum hljóðritunum sínum og New York-fílharmoníunnnar á 6. og 7. áratug síðustu aldar. Bernstein var óþreytandi við að benda hlustendum á það sem á öðru fremur erindi við okkur í þessari tónlist. Mahler var maður sterkra andstæðna, í honum toguðust á ólík öfl, og hann fékk útrás fyrir togstreituna í tónsmíðum sínum.

Sinfóníur Mahlers eru bæði spegill á hans innra sálarlíf og á samfélagið sem hann lifði og hrærðist í. Hann var ákafur náttúruunnandi og kundi hvergi betur við sig en í tónsmíðakofa sínum í austurrísku fjalladýrðinni, en hann starfaði stærstan hluta ævinnar sem hljómsveitarstjóri í stórborgum: Búdapest, Vínarborg og New York. Hann var gyðingur en tók kristna trú til að vera gjaldgengur sem óperustjóri í Vínarborg; hann var tónskáld sem gerði meira af því að stjórna verkum annarra til að hafa í sig og á;



hann var í senn lokapunktur gamalla hefða á nítjándu öld og upphaf móðernismans á þeirri tuttugustu, náinn vinur Johannesar Brahms og lærimeistari nýrrar kynslóðar tónskálda á borð við Arnold Schönberg og Anton Webern. Andstæðurnar eru órjúfanlegur hluti af tónmáli hans: maður/náttúra, sveit/borg, einlægni/kaldhæðni, rómantik/móðernismi, alsæla/örvænting.

Mahler samdi fyrstu sínfóníu sína á undraskómmum tíma, sex vikum í febrúar og mars 1888. Hann var þá hljómsveitarstjóri við óperuhúsið í Leipzig, og meðal verkefna hans þar var að fullgera gamanóperuna *Die drei Pintos* eftir Carl Maria von Weber, sem lést frá

verki sínu óloknu. Óperan naut strax vinsælda og varð til þess að nafn hins 28 ára gamla Mahlers barst víðar en áður. En starfið að Weber-óperunni hafði óvæntar hliðarverkanir. Barnabarn tónskáldsins, Carl von Weber, átti handritið og þeim Mahler varð vel til vana. Það sama má segja um eiginkonu Carls von Weber, Marion, því að fyrr en varði blossaði upp eldheitt ástarsamband milli tónskáldsins og frú Weber. „Hún geislar af fegurð og góðmennsku, og gefur lífi mínu nýja merkingu“, skrifaði Mahler um Marion, en um leið nísti samviskan hann inn að beini. Þessi dramatíska atburðarás í Leipzig síðla árs 1887 kveikti með honum löngunina til að semja sínfóníu, risastórt tónverk þar sem hann legði hugmyndir sínar og lífsstefnu á borðið. Stundum er sagt að fyrsta sínfónía Mahlers sé frumlegasta, „fyrsta sínfónía“ nokkurs tónskálds fyrr og síðar, nema ef vera skyldi *Symphonie fantastique* eftir Hector Berlioz (1830), sem kastaði sínfóníuforminu beina leið í hringiðu rómantískrar tónsköpunar.

Fyrsta sínfónían var frumflutt í Búdapest 20. nóvember 1889; það voru hæg heimatökin að fá Fílharmóníuna í Búdapest til að flytja verkið, þar sem Mahler hélt um taumana í óperuhúsi borgarinnar. En viðtökur voru vægast sagt dræmar og hið sama var uppi á teningnum í Vínarborg skömmu síðar. Gagnrýnendur kvörtuðu undan því að hin „nýja rómantik“ ungu kynslóðarinnar væri þeim algjörlega óskiljanleg, að hugmyndir Mahlers væru í besta falli hversdagslegar og í versta falli lággúra, að þær bæru persónueinkenni höfundarins, væru taugaveiklaðar og óþroskaðar. Um fyrstu sínfóníuna lét Eduard Hanslick, virtasti tónlistargagnrýnandi Vínarborgar, þessi fleygu orð falla: „Annar okkar hlýtur að vera sturlaður – og það er ekki ég.“

Fyrsta sinfónía Mahlers hefur hljómað sjö sinnum áður í flutningi SÍ, fyrst undir stjórn Róberts A. Ottóssonar árið 1972. Ellefu ár liðu þar til hún heyrðist á ný undir stjórn Jean-Pierre Jacquillat, en síðan hefur hún verið leikin með fremur reglulegu millibili. Síðast lék Sinfóníuhljómsveit Íslands verkið í febrúar 2003 undir stjórn Thomasar Kalb.

Upphaf verksins vakti ómælda furðu hlustenda fyrstu árin. Strengirnir leika allir sama tóninn en í ólíkri tónhæð, allt frá ógnardjúpum kontrabössum og upp í skæran flaututón í efstu fiðluróddinni. „Wie ein Naturlaut“, skrifar Mahler í nóturnar: „Eins og náttúruhljóð“. Sinfóníuhljómsveitin á að hljóma eins og náttúran sjálf; fuglarnir kvaka, sólin skín, í fjarska heyrast þytur í herlúðrum og hornin leika brot úr virðulegu sálmalagi. Gauksstefið breytist í ljúft sellóstef sem á rætur sínar í sönglagi úr söngvasveig Mahlers, *Lieder eines fahrenden Gesellen*, eða *Söngvar fòrusveins*. Textana hafði hann sótt í safn þýskra þjóðkvæða, *Des Knaben Wunderhorn*; í þessu tiltekna lagi er skáldið á morgungöngu yfir akurinn og heyrir fuglana tala til sín: „En hvað ég elska heiminn!“

Í öðrum þætti sinfóníunnar ríkir einnig sveitastemning. Tónlistin er dæmigerður austurrískur sveitadans, *Ländler*, sem naut vinsælda í Austurríki og Sviss á 18. og 19. öld, með tilheyrandi hoppi og stappi. Þetta er einföld tónlist og algjörlega laus við alla tilgerð, full af gleði og fjöri sveitalífsins. En að sveitadansinum loknum breytir sinfónían snögglega um svip. Fyrri tveir þættirnir eru glaðvær tónlist með yfirbragði náttúru og sveitasælu. Í þeim tveimur síðari er allt annað uppi á teningnum; tónlistin er kaldhæðin, dökk, íbyggin, jafnvel grótesk, en leitar þó stöðugt eftir því að leysast upp í birtu og fögnuð.

Mahler sótti innblástur að þriðja kaflanum í teikningu eftir rómantíska myndlistarmanninn Moritz von Schwind, sem var kunningi Franz Schuberts. Myndin ber yfirskriftina „Líkfylgd veiðimannsins“, hún sýnir hvar dýrin í skóginum hafa fellt veiðimann og bera hann til grafar. Í líkfylgdinni eru kanínur, hreindýr, dádýr, úlfar, villisvín og fuglar af ýmsum toga, sem bera kyndla og fána og búa sig undir að grafa þann sem vildi þau feig. Þarna er dregin upp mynd af heimi þar sem öllu hefur verið snúið á haus, paródían og gróteskur óraunveruleikinn ráða ríkjum.

Mahler nær þessum áhrifum fram í tónlist sinni á einfaldan en þó snilldarlegan hátt. Kaflinn hefst með stafi sem allir þekkja: *Meistari Jakob*, eða *Bruder Martin* eins og það heitir á þýsku. En Mahler snýr öllu á haus, setur stefið í moll og lætur ólíklegasta sólóhljóðfæri í allri hljómsveitinni spreyta sig á því: kontrabassa. Því næst bætast við fleiri djúpródduð hljóðfæri: fagott, selló og túba; keðjusöngurinn rís hægt úr djúpinu og Mahler sýnir okkur fram á ógnina sem býr í jafnvel hinum einfaldasta efniviði. Hann nýtur þess sömuleiðis að hrúga saman tónlist af ólíku tagi, láta eitt stefið grípa fram í fyrir öðru eða hreinlega sigla það í kaf, til dæmis þegar klezmer-hljómsveit ryðst inn á sviðið og leikur hressilega gyðingatónlist sem yfirgnæfir ungverskt sígáunaspil.

MAHLER-HRINGUR SINFÓNÍUNNAR

Í tilefni þess að 150 ár eru liðin frá fæðingu Mahlers stefnir Sinfóníuhljómsveit Íslands að því að flytja allar sinfóníur hans á næstu misserum. Sinfónía nr. 5 hljómar undir stjórn Vasílys Petrenko í desember, og á næsta starfsári mega tónleikagestir eiga von á að heyra sinfóníur nr. 6, 7 og 9. Stefnt að því að flytja sinfóníur nr. 3 og 10 á starfsárinu 2012-13.

Í þriðja þættinum vitnar Mahler enn og aftur í sönglag, hið síðasta úr *Söngvum förusveins*. Þar syngur óhamingjusamur maður um ástina sem hann missti, og hvernig hann finnur nú hvergi hvíld nema undir linditré sem stendur á veginum. Hann gleymir sorgum heimsins þegar hann sefur undir blómum þess, og þykir allt vera orðið gott á ný. Í gróteskum gauragangi jarðarfararinnar í skóginum er þessi óvænta tilvitnun kyrrlát friðarstund. Hér sem víðar teflir Mahler fram andstæðum: annars vegar sígaunasvalli og bjagaðri barnagælu, hins vegar draumkenndri stemningu vöggvúisunnar.

Fjórði og síðasti kafliinn hefst með hveli; Mahler sagði sjálfur að dramatískur hljómurinn í fyrstu tóktunum ætti að koma eins og þruma úr kolsvörtu skýi. Nú er eins og dökk undiralda fyrsta þáttar nái undirtökunum að nýju. Einhvers staðar í hinni sinfónísku framvindu hefur eitthvað farið út af sporinu; jafnvægið milli manns og náttúru er gengið úr skorðum og afleiðingarnar blasa við. Þó kemur að því að hljómsveitin snýr vörn í sókn. Glæsilegur lúðraþytur heyrir af og til, og eftir allanga glímu ná sigurvissar hendingarnar undirtökunum, rétt eins og tónskáldið þurfi með handafla að vinna sig upp úr hyldýpi eymdar og drunga. Rétt er að rifja upp það sem Mahler sagði sjálfur um lokaþáttinn: „Það var ætlun mín að sýna baráttu þar sem sigurinn er fjærst hetjunni einmitt þegar henni sjálfri þykir hann vera innan seilingar. Þannig er það með alla andlega baráttu. Það er enginn hægðarleikur að verða eða að vera hetja.“

Smám saman losnar um stefnulausa stefjabútana sem halda verkinu í heljargreipum, og á örskammri stundu magnast upp í hljómsveitinni mikið fagnaðaróp. Héðan í frá ríkir ekkert nema gleði og gláumur; hvaða sögu sem þessi tónlist segir – og það er vitaskuld undir hlustandanum sjálfum komið – þá er ljóst að ljósið hefur sigrast á myrkrinu, hetjan er komin í höfn eftir langt og örðugt ferðalag gegnum hið óvænta músiklandslag Mahlers. Og sú saga hefur síður en svo glatað gildi sínu, einmitt nú þegar heimurinn virðist brotakenndari og fyllri af mótsögnum en nokkru sinni fyrr.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

Vier letzte Lieder

1. Frühling

In dämmrigen Grüften
Träumte ich lang
Von deinen Bäumen und blauen Lüften,
Von deinem Duft und Vogelsang.

Nun liegst du erschlossen
In Gleich und Zier,
Von Licht übergossen
Wie ein Wunder vor mir.

Du kennst mich wieder,
Du lockest mich zart,
Es zittert durch all meine Glieder
Deine selige Gegenwart!

Hermann Hesse

2. September

Der Garten trauert,
Kühl sinkt in die Blumen der Regen.
Der Sommer schauert
Still seinem Ende entgegen.

Golden tropft Blatt um Blatt
Nieder vom hohen Akazienbaum.
Sommer lächelt erstaunt und matt
In den sterbenden Gartentraum.

Fjórir síðustu söngvar

1. Vor

Í rökkvuðum hvelfingum
dreymdi mig lengi
um tré þín og bláan himin,
um ilm þinn og fuglasöng.

Nú liggur þú opinberað
í gliti og skrúði,
yfirfljótandi af ljósi,
eins og undur frammi fyrir mér.

Þú þekkir mig aftur,
þú laðar mig ljúflega til þín,
gegnum alla limi mína titrar
unaðarsæl návist þín.

2. September

Garðurinn syrgir,
svalt regnið seytlar niður í blómin.
Það er hrollur í kyrrlátu sumrinu
er það nálgast endalok sín.

Gullið laufblað eftir laufblað drýpur
ofan úr háu akasíutrénu.
Sumarið brosir undrandi og þreytt
inn í deyjandi drauminn um garðinn.

Lange noch bei den Rosen
Bleibt er stehen, sehnt sich nach Ruh.
Langsam tut er die [großen]*
Müdigwordnen Augen zu.

Hermann Hesse

3. Beim Schlafengehen

Nun der Tag mich müd gemacht,
Soll mein sehnliches Verlangen
Freundlich die gestirnte Nacht
Wie ein müdes Kind empfangen.

Hände, laßt von allem Tun,
Stirn, vergiß du alles Denken,
Alle meine Sinne nun
Wollen sich in Schlummer senken.

Und die Seele unbewacht
Will in freien Flügen schweben,
Um im Zauberkreis der Nacht
Tief und tausendfach zu leben.

Hermann Hesse

Það staðnæmist ennþá lengi
hjá rósunum, og þráir hvíld.
Með hægð lokar það [stórum]*
máttðregnum augum sínum.

3. Við kvöldnáðir

Nú þegar dagurinn hefur þreytt mig,
á innileg löngun mín
að taka á móti stjörnuþjartri nóttunni
vingjarnlega, eins og þreytt barn.

Hendur, hættið öllum verkum,
enni, gleymdu öllum hugsunum,
öll skilningarvit mín vilja nú
sökkva sér niður í svefn.

Og sálin sem enginn stendur vörð um
vill svífa um á frjálssu flugi,
til að lifa djúpt og þúsundfalt
í töfrahring næturinnar.

* Strauss slepti þessu orði þegar hann tónsetti kvæðið.

4. Im Abendrot

Wir sind durch Not und Freude
Gegangen Hand in Hand:
Vom Wandern ruhen wir [beide]
Nun überm stillen Land.

Rings sich die Täler neigen,
Es dunkelt schon die Luft,
Zwei Lerchen nur noch steigen
Nachträumend in den Duft.

Tritt her und laß sie schwirren,
Bald ist es Schlafenszeit,
Daß wir uns nicht verirren
In dieser Einsamkeit.

O weiter, stiller Friede!
So tief im Abendrot,
Wie sind wir wandermüde —
Ist dies etwa der Tod?
Joseph von Eichendorff

4. Í kvöldroðanum

Við höfum leiðzt hönd í hönd
gegnum neyð og gleði:
Nú hvílumst við [bæði] af göngunni
yfir kyrrlátu landinu.

Allt um kring eru aflíðandi dalir,
loftið er farið að myrkvast,
bara tveir lævirkjar rísa ennþá
dreymandi upp í ilminn.

Komdu hingað og láttu þá flögra,
því að brátt er kominn svefntími,
bara að við villumst ekki
í þessari einveru.

Ó víði, kyrrláti friður!
Hve göngulúin erum við orðin,
svona djúpt inni í kvöldroðanum —
er þetta kannski dauðinn?
Reynir Axelsson þýddi

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 16. SEPTEMBER 2010

1. fiðla

Guðný Guðmundsdóttir
Sif Tulinius
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Mark Reedman
Margrét Kristjánsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Lin Wei
Pálína Árnadóttir
Martin Frewer
Zbigniew Dubik
Rósa Guðmundsdóttir

2. fiðla

Greta Guðnadóttir
Ari Þór Vilhjálmsson
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Christian Diethard
Margrét Þorsteinsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristján Matthíasson
Roland Hartwell
Ágústa María Jónsdóttir
Þórdís Stross
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

Víola

Helga Þórarinsdóttir
Þórunn Ósk Marinósdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Kathryn Harrison
Guðrún Hrund Harðardóttir
Sesselja Halldórsdóttir
Herðís Anna Jónsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Svava Bernharðsdóttir

Selló

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Auður Ingvadóttir
Lovísa Fjeldsted
Bryndís Björgvinsdóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Inga Rós Ingólfssdóttir
Margrét Árnadóttir

Bassi

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau
Emilía Rós Sigfúsdóttir

Óbó

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthías Nardeau
Eydis Franzdóttir

Klarinett

Einar Jóhannesson
Sigurður I. Snorrason
Ármann Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson
Brjánn Ingason

Horn

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir
Anna Sigurbjörnsdóttir
Sturlaugur Jón Björnsson

Trompet

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
Jessica Buzbee
David Bobroff, bassabásúna

Túba

Tim Buzbee

Harpa

Katie Buckley

Celesta

Anna Guðný Guðmundsdóttir

Pákur

Eggert Pálsson
Frank Aarnink

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Árni Áskelsson
Kjartan Guðnason

samstarfsaðilar



LITRÓF-HAGPRENT

EXTON
LIÓS / HLJÓÐ / MYND



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Vertu þinn eigin listræni stjórnandi

REGNBOGAKORTIÐ

Veldu 4 tónleika eða fleiri af efnisskrá starfsársins og tryggðu þér afslátt og fast sæti. Kynntu þér fjölbreytta efnisskrá á www.sinfonia.is



JÓNSSON & LITMÆSS - HJÚS - SÍA

ÞÁÐALSTYRKARABÍLAR

BORGUN



Morgunblaðið

Porgy and Bess

Stórvirki Gershwin-bræðra



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

PGRGY AND BESS®

Fim. 07.10.10 » 19:30

Fös. 08.10.10 » 19:30

• **George og Ira Gershwin, DuBose og Dorothy Heyward:** *Porgy and Bess*®

Wayne Marshall hljómsveitarstjóri

Rodney Clarke Porgy

Indira Mahajan Bess

Angela Renée Simpson Serena/Maria

Ronald Samm Sportin Life

Hljómeyki/ Kór Áskirkju

Magnús Ragnarsson kórstjóri

Lögin úr Porgy and Bess eru löngu orðin ódaudleg; Summertime, I got plenty o' nuttin', Bess, You is my woman now, It ain't necessarily so. Stórvirki í flutningi Sinfóníunnar og fjögurra erlendra úrvalssöngvara.

Miðasala á www.sinfonia.is og 545 2500

*„Lífið er eins og djass ...
það er best að improvisera.“*

George Gershwin



ADALSTYRKARADILAR

BORGUN  Morgunblaðið